

Ákvörðun nr. 6/2022
Miðvikudagurinn, 23. mars 2022

Samruni Nesfisks ehf. og Flatfisks ehf.

1. Þann 2. mars 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Nesfisks ehf. (Nesfiskur) og Flatfisks ehf. (Flatfiskur). Nesfiskur stundar veiðar og vinnslu á Íslandi en Flatfiskur aðeins vinnslu. Selja félögin afurðir sínar fyrst og fremst erlendis. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 3. mars 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Nesfiskur er útgerðarfélag sem rekur eigin vinnslu og flytur út fisk. Félagið á aflahlutdeildir í margvíslegum tegundum sem veiddar eru við Ísland. Gerir félagið út nokkra báta ásamt því að reka frystihús, saltfiskverkun og fiskþurrkunarverksmijðu í Garði. Auk þess er félagið með frystingu og ferskfiskvinnslu í Sandgerði. Formlega er það dótturfélag Nesfisks Fiskverkun Ásbergs ehf. (Fiskverkun Ásbergs) sem kaupir eignir Flatfisks. Ásamt Fiskverkun Ásbergs á Nesfiskur ráðandi eignarhluti í Meleyri ehf., Blámanni ehf., Ný-fiski ehf., Grímshóli Guesthouse ehf., Útgerðarfélagi Sandgerðis ehf. og Útgerðarfélagi Más ehf. Þá á félagið þriðjungs hluta í Laugafiski ehf. auk smærri eignarhluta í öðrum félögum.
 - b) Starfsemi Flatfisks er mun takmarkaðari en starfsemi Nesfisks. Flatfiskur hefur sérhæft sig í því að kaupa flatfisk á fiskmörkuðum til vinnslu og útflutnings. Hefur Flatfiskur selt afurðir sínar í Evrópu og Bandaríkjunum. Flatfiskur á engin dótturfélög og fylgja engin félög með í viðskiptunum.
3. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um skilgreiningu markaða tengdum sjávarútvegi. Þar á meðal ákvörðun nr. 40/2021 *Samruni KG Fiskverkunar ehf. og Valafells ehf.*, ákvörðun nr. 19/2020 *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf.*, ákvörðun nr. 6/2021 *Samruni Vinnlustöðvarinnar hf., Hugins ehf. og Löngu ehf.* en samrunaaðilar vekja athygli á því að Samkeppniseftirlitið hafi ekki talið ástæðu til þess að beita íhlutun í málunum þó svo að margar þeirra fjalli um félög sem séu mun stærri en samrunaaðilar.
4. Að mati samrunaaðila varðar samruninn einkum markað fyrir vinnslu og sölu sjávarafurða en af samrunaaðilum er það einungis Nesfiskur sem starfi við veiðar. Því sé skörun í starfsemi aðila á markaðnum fyrir vinnslu og sölu sjávarafurða og sé það sá markaður sem skipti máli fyrir samrunann. Að mati samrunaaðila sé ekki ástæða til þess að skipta markaðnum nánar eftir fisktegundum eða flokkum fiska enda hefði það lítil áhrif á markaðshlutdeild aðila. Að mati samrunaaðila er landfræðilegi markaðurinn ekki minni en Ísland allt en nær líklega til Evrópu og Norður-Ameríku þar sem helstu viðskiptavinum samrunaaðila sé að finna.
5. Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaður málsins markaður fyrir vinnslu og sölu sjávarafurða. Rétt er að halda því til haga að undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að



vera til staðar, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020. Að mati Samkeppniseftirlitsins er landfræðilegur markaður fyrir vinnslu og sölu sjávarafurða að líkindum Ísland en kann að vera víðari. Í ljósi niðurstöðu málsins er þó ekki tilefni til þess að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar markaðarins.

6. Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg. Hvorugur samrunaaðila hefur markaðsráðandi stöðu. Þess fyrir utan eru framleiðsluvörur félaganna seldar erlendis þar sem markaðshlutdeild þeirra er afar lág. Þá hefur samruninn það ekki í för með sér að markaðsráðandi staða myndist þar sem ætla má að markaðshlutdeild sameinaðs félags á mörkuðum málsins verði í beinu hlutfalli við þær aflaheimildir sem félagið mun hafa yfir að ráða í kjölfar samrunans.
7. Samkvæmt úthlutun heildarafla eftir þorskígildum er Nesfiskur með tæp 3% hlutdeild en Flatfiskur gerir ekki út skip og hefur því ekki fengið úthlutað afla. Af þessum upplýsingum er ljóst að takmörkuð samþjöppun leiðir af samrunanum og ekki eru vísbendingar um skaðleg áhrif samrunans á samkeppni að öðru leyti.
8. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Nesfisks ehf. á Flatfiski ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson